

SAMÞYKKT

bæjarstjórnar Blönduóssbæjar um útivistartíma barna og unglunga á Blönduósi.

1. gr.

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20.00 nema í fylgd með fullorðnum eða á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

2. gr.

Unglingar, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22.00 nema þeir séu á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

3. gr.

Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna og unglunga samkvæmt 1. og 2. gr. um tvær klukkustundir.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er unglingum á aldrinum 14 til 16 ára heimilt að vera á almannafæri til kl. 24.00 á föstudags- og laugardagskvöldum.

5. gr.

Varðandi aldurstakmörk í þessum reglum, þá miðast þau við fæðingarár en ekki fæðingardag.

6. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 57. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Blönduóssbæjar 19. nóvember 1996.

Félagsmálaráðuneytinu, 22. janúar 1997.

Páll Pétursson.

Þorgerður Benediktsdóttir.